



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 6. janúar 2020 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Haukur Arnþórsson og Katrín Baldursdóttir. Laufey Ólafsdóttir, Rán Reynisdóttir og Viggó K. Jóhannsson voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Á síðasta fundi var spjallað almennt um stöðu flokksins og stjórn málaástandið á áramótum og ekki tilefni til fundargerðar.

### 2. Aðventufundur á Þorra

Eftirtalin atriði voru rædd:

- a. Aðgerðaáætlun miðað við kosningar í maí 2021, kynning og tillögur á félagsfundi
- b. Málefnanefndir: Húsnæði, auðlindir o.fl.
- c. Öryrkjaráð, verkalýðsráð, innflytjendaráð, meistaradeild, Ungir sósíalistar, Sósíalískir femínistar o.s.frv.

Fólk var sammála um að efla þurfi Unga sósíalista sem allra fyrst. Rán bauð sig fram til að skipuleggja pönktónleika til að ná til ungmenna.

d. Endurnýjun í framkvæmdastjórn, hverjir ætla að vera áfram? Það er öflugt starf framundan og þörf á einarðri þátttöku.

Ekki hafa allir gefið upp hvort þeir hyggist vera áfram.

### 3. Fjölgun félaga, úthringikvöld

Rætt hvernig best sé að haga úthringingum. Stefnt að samstarfi við félagastjórn og sellurnar varðandi þetta. Þurfum að útbúa pása til að senda þeim sem vilja eftir símtalið.

#### 4. Leigjendasamtökin og önnur hagsmunabaráttta

Fundur Leigjendasamtakanna verður næsta laugardag. Rætt hvort rétt væri að ákveðið hlutfall af leiguverði færi til samtaka leigjenda.

#### 5. Maístjarnan

Umræðum frestað.

#### 6. Fjármál

Gjaldkeri er ekki á fundinum og umræðum því frestað.

#### 7. Önnur mál

Á framkvæmdastjórnarfundum 25. janúar er ráðgert að ræða um verklag stjórnar.